

Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

13. fundur haldinn á skrifstofu SSH Hamraborg 9, Kópavogi 11. ágúst 2008 kl. 14.15.

Eftirtaldir nefndarmenn sátu fundinn:

Reykjavík: Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður.

Kópavogur: Einar Kr. Jónsson

Hafnarfjörður: Gísli Ó. Valdimarsson, varaform.

Garðabær: Stefán Snær Konráðsson.

Mosfellsbær: Haraldur Sverrisson.

Seltjarnarnes: Stefán Bergmann

Álftanes: Kristinn Guðlaugsson og Kristinn Guðmundsson.

Kjósarhreppur: Sigurbjörn Hjaltason.

Fulltrúi Skipulagsstofnunar: Stefán Thors

Auk þess sátu fundinn: Smári Smáráson og Birgir H. Sigurðsson, Kópavogi, Arinbjörn Vilhjálmsson, Garðabæ og Guðmundur Malmquist SSH sem ritaði fundargerð.

Hanna Birna Kristjánsdóttir formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. **Fundargerð 12. fundar frá 16.júní sl.** Fundargerðin var lögð fram og samþykkt.
2. **Afgreiðsla á tillögu að breyttu svæðisskipulagi Vatnsendahlíð-Þing í Kópavogi.** Efrirfarandi tillaga frá Einari Kr. Jónssyni var samþykkt með 7 atkvæðum en Kristinn Guðmundsson og Stefán Bergmann sátu hjá: Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins samþykkir verulega breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins fyrir Vatnsendahlíð – Þing skv. 4. mgr. 13. greinar skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Þar kemur fram að svæðisskipulag teljist samþykkt þegar og að svo miklu leyti sem allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa samþykkt það. Samvinnunefndin sendir samþykktu tillögu til Skipulagsstofnunar sem gerir síðan tillögur til ráðherra um lokaafgreiðslu svæðisskipulagsins.
3. **Tvöföldun Suðurlandsvegar- ósk um breytingu á svæðisskipulagi.** Afgreiðslu málsins frestað. Skipulagsstjóra Kópavogs falið að boða til fundar með fulltrúum Kópavogs, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar og Reykjavíkur til að fara yfir málið og undirbúa tillögu til nefndarinnar.
4. **Framkvæmdir Svifflugfélags Íslands á Sandskeiði.** Niðurstöða samráðsfundar 4. apríl 2008 varðandi framkvæmdir Svifflugfélags Íslands þar sem viðstaddir voru fulltrúar Skipulagsstofnunar, Kópavogs og Svifflugfélagsins var sú að Kópavogur myndi leggja fram tillögu til samvinnunefndarinnar þess efnis að bæjarfélagið myndi vinna deiliskipulag fyrir svæðið. Sveitarfélögin sem hlut eiga að máli gætu samþykkt slíkt með fyrirvara um sveitarfélagamörk. Mikilvægt er að sveitarstjórnir sveitarfélaga fjalli um málið í framhaldinu, enda geta þær einar skuldbundið sveitarfélögin með slíkum hætti. Framangreind málsmeðferð var samþykkt af nefndarmönnum.

5. **Kársnes-vesturhluti.** Fulltrúi Kópavogs lagði til að heimilað yrði að leggja fram til kynningar tillögu að verulegri breytingu á svæðisskipulagi Kársness sbr. 1. mgr. 14. gr. skipulagslaga. Málinu var frestað til næsta fundar nefndarinnar sem ákveðinn er fimmtudaginn, 21. ágúst 2008 kl. 14.00. Fundarstaður er skrifstofa SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.15.